



Reykjavík, 19. september 2024

USK24030341

EBH

Breiðholt I – breyting á deiliskipulagi – Arnarbakki 2-6, 8 og 10

Á fundi borgarstjórnar þann 17. september var 4. liður fundargerðar borgarráðs frá 12. september, Breiðholt I – breyting á deiliskipulagi – Arnarbakki 2-6, 8 og 10, samþykkt með 14 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Það tilkynnist hér með

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillagan felur í sér miklar breytingar á stóru svæði við Arnarbakka, sem hingað til hefur verið litið á að sé miðja fjölmenns og hverfisverndaðs íbúasvæðis. Tekið er undir þá skoðun íbúaráðs Breiðholts, sem leggst gegn umræddum byggingaráformum, að lóðin við Arnarbakka 10 sé hið græna torg hverfisins og sannkallað hverfishjarta, sem sé mikið notað af börnum í hverfinu og öðrum íbúum þess fyrir viðburði og leiki. Að mati borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins fela fyrirbyggjandi breytingar í sér of mikla þéttingu byggðar og að of freklega sé gengið á græn svæði. Um er að ræða sólríkan og skjólsælan stað, sem stendur hærra en nærliggjandi skólalóð. Fyrirhugaðar nýbyggingar munu standa hátt og þannig breyta ásýnd hverfisins. Sparkvöllur á leiksvæði Breiðholtsskóla verður að verulegu leyti í skugga á skólatíma, verði byggingaráformin að veruleika. Þá er augljóst að bílastæðum mun fækka um of en nú þegar ríkir bílastæðaskortur í hverfinu. Horft er framhjá þörfinni fyrir fjölgun bílastæða vegna umfangsmikillar starfsemi leikskóla, grunnskóla, verslunar og þjónustu á svæðinu, auk íbúabyggðar. Ekki þýðir að horfa framhjá þeirri staðreynd að margir stúdentar nota bifreiðar til að komast leiðar sinnar eins og aðrir borgarar. Þá er ljóst að umræddar breytingar munu hafa í för með sér verulega aukna umferð um þetta viðkvæma svæði.

Helga Björk Laxdal
e.u.